

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Lynghólar 32-38, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts eystra.

Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðirnar Lynghólar 32, 34, 36 og 38 breytist úr raðhúsalóðum í tvíbýlishúsalóðir. Íbúðum fjölgar úr 4 í 8. Byggingarmagn og hæð húsa er óbreytt. Gert verður ráð fyrir utanhússtigum sem ná út fyrir byggingarreit að framanverðu.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. september 2017.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2017